

147. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Eftirtaldar greinar og málsgreinar í lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 60/1994, falla úr gildi er lög þessi öðlast gildi: 56. gr., 1. og 2. mgr. 57. gr., 2. og 3. mgr. 58. gr. og 59.–63. gr.

*Gjört á Bessastöðum, 7. maí 2004.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir

LÖG

**um hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans
vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að samþykkja hækkun útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL) úr 3,3 milljörðum evra í 4,0 milljarða evra frá 1. júlí 2004.

2. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að staðfesta nauðsynlegar breytingar á samþykktum bankans vegna hækkunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. maí 2004.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Geir H. Haarde.